



Kirkjubæjarklaustri, 05.04.2017

00.0/1704001

Umsögn f.h. Skaftárhrepps

106. mál - frumvarp til laga um breytingu á lögum um verslun með áfengi og tóbak, lögum um aukatekjur ríkissjóðs, áfengislögum og lögum um gjald af áfengi og tóbaki, með síðar breytingum (smásala áfengis)

Sveitarstjórn Skaftárhrepps skorar á allsherjar- og menntamálanefnd svo og alla sitjandi þingmenn á Alþingi Íslendinga að sjá til þess að frumvarp um breytingar á lögum um verslun með áfengi og tóbak verði ekki að lögum og verslun með áfengi og tóbak verði áfram með líku sniði og verið hefur.

Telja verður verulegar líkur á því að sú aukning á aðgengi að áfengi sem þessi breyting felur í sér leiði til aukinnar neyslu áfengis. En aukin neysla áfengis er mjög líkleg til að hafa neikvæð áhrif á heilsu og velferð allra aldurshópa þar með talið barna og unglinga. Frumvarpið felur í sér afturför í forvarnar- og lýðheilsumálum og stuðlar hvorki að bættri lýðheilsu né almennu heilbrigði hér á landi.

Samþykkt af JG og SG. EBH, BG og HGA sitja hjá við afgreiðslu tillögunnar.

Virðingarfyllst,

Sandra Brá Jóhannsdóttir
sveitarstjóri Skaftárhrepps